

Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd

Umsögn Útvegsmanafélags Snæfellsness

V/ breytingar á lögum nr. 116/2006

34. mál

II. kafli

*Frá og með fiskveiðiárinu 2009/2010 skal skipta leyfilegum heildarafla í karfa upp í gullkarfa og djúpkarfa. Skal aflahlutdeild hvers fiskiskips í hvorri tegund í upphafi fiskveiðiársins 2009/2010 vera hin sama og hún hefði að óbreyttum lögum orðið í karfa.*

*Um ákvæði til bráðabirgða II.*

*Allt frá upphafi kvótakerfisins 1984 hefur úthlutun aflaheimilda í karfa tekið til tveggja tegunda karfa, þ.e. djúpkarfa og gullkarfa. Hafrannsóknastofnunin hefur í nokkur ár lagt til í ráðgjöf sinni að aflamarki í gullkarfa og djúpkarfa verði úthlutað aðskildu. Þann 14. nóvember 2008 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfshóp sem ætlað var að gera tillögur um reglur við framkvæmd skiptingar á heildaraflamarki fyrir gull- og djúpkarfa. Var hópurinn skipaður fulltrúum Landssambands íslenskra útvegsmanna, Hafrannsóknastofnunarinnar og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Lagt er til að hvert skip fái sömu aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa og það hefði í karfa. Yrði þannig aflahlutdeild í gullkarfa og djúpkarfa hin sama. Er hér lagt til að tillögu nefndarinnar verði fylgt. Hópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra með bréfi, dags. 12. desember 2008.*

**Undanfarin ár hefur verið uppi ágreiningur um greiningu á karfa, þ.e. stofnar karfa við Ísland eru 4-5 jafnvel fleiri. Gullkarfi, djúpkarfi, litlikarfi, úthafskarfi (efri og neðri stofn) úthafskarfi í síldarsmugu og aldamótakarfi, Íslendingar hafa stjórnað karfa veiðum sínum með kvótasetningu á gullkarfa og djúpkarfa sameiginlega og svo úthafskarfa efri og neðri stofn, all margir telja að svo kallaður neðristofn úthafskarfa sé djúpkarfi. Fyrir nokkrum árum þá gekk úthafskarfinn hratt norður með vesturlandinu og úthafskarfaskipinn eltu hann inn á togslóð botvörpuskipanna, þá var sett sú regla að djúpkarfi sem veiddist í botnvörpu væri djúpkarfi og kæmi af karfakvóta innan landhelgi en djúpkarfi sem veiddist í flotvörpu væri úthafskarfi og kæmi ef úthafskarfakvóta. Þessi regla er ekki algild því djúpkarfi sem veiddur er**

**í Skerjadýpi á haustin og veiddur í flotvörpu flokkast þá sem djúpkarfi og kemur úr kvóta innan landhelgis.**

**Ég rifja þetta hér upp til að benda á að nokkur ágreiningur hefur verið meðal útgerðamanna um nýtingu á karfanum á Íslandsmiðum í nokkur ár.**

**Það er ljóst að verði gullkarfa og djúpkarfa skipt milli skipa hlutfallslega en ekki samkvæmt veiðireynslu þá er verið að úthluta skipum kvóta í fisktegund sem þau hafa ekki möguleika á að veiða. Djúpkarfi er eins og nafnið ber með sér veiddur nær eingöngu í djúpköntum landsgrunnins en gullkarfinn er í miklu meira mæli á grunnslóð.**

**Í allmarga áratugi hafa skipstjórnarmenn haldið afladagbók, þar sem veiðislóð er nákvæmlega tilgreind. Síðari ár hefur verið krafa um sér skráningu í aflaskráningar kerfi Fiskistofu á gullkarfa og djúpkarfa við löndun.**

**Það er ljóst að allar upplýsingar um karfa afla skipa tegundaflokkuðum liggja fyrir mörg ár aftur í tímann. Engin ástæða er fyrir því að úthluta karfanum með þeim hætti sem lagt er til í breytingu á lögum nr.116/2006. Öllum afla hefur verið úthlutað samkvæmt veiðireynslu og engin ástæða er fyrir því að taka upp aðra reglu nú. En verði það raunin munu minni skip og bátar þurfa að skipta út sínum djúpkarfa fyrir aðrar tegundir við stærri skipin, sem leiðir að sjálfsögðu til aukinnar færslu aflaheimilda á milli skipa. ER það tilgangur þessara breytinga.**

**Dæmi:**

**Skip Guðmundar Runólfssonar hf. halda á um 2.1% af karfaheimildum eða af 50.000 t afla þessa árs höfum við rúmlega 1000 t. Allur karfa afli fyrirtækisins s.l. 5 ár er gullkarfi. Gangi þessi nýja regla eftir og gullkarfakvótinn verð 35000 t og djúpkarfinn 15000 t fær fyrirtækið 700 t gullkarfa og 300 t djúpkarfa. Hann verður ekki veiddur og neyðist fyrirtækið til að skipta honum út fyrir annan fisk vonandi gullkarfa.**

**Það er ljóst að skipin sem hafa möguleika á djúpkarfaveiðum eru með ákveðna yfirhönd og munu sennilega ná hagstæðara gengi á skiptunum.**

**Það er verið að auka veiðimöguleika stærri skipan á kostnað þeirra smærri. Var það ætlunin.**

**Fh. Útvegsmannafélags Snæfellsness  
Guðm.Smári Guðmundsson**